

31.10.2013

Meðfylgjandi er athugasemd/ábending frá Öldrunarráði Íslands vegna frumvarps til laga um sjúkraskrár (aðgangsheimildir), 24. mál.

Gerð er athugasemd við það að úrskurður stjórnvalds sé ekki kæránleg til æðra stjórnvalds og ráðherra.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er lítið rökstutt hvers vegna ekki ætti að vera kærheimild til ráðherra samkvæmt almennum reglum. Helst er vísað til sérfræðipækkingar Embættis landlæknis (EL) og þá gefið í skyn að ráðuneytið gæti ekki höndlað slíka kæru. Um sérfræðipækkingu EL má deila, en það sem skiptir meira máli er að réttur til aðgangsupplýsinga um sjúkraskrá hlýtur í flestum tilvikum að byggjast á þekktum staðreyndum, s.s. tengslum við viðkomandi o.s.frv., og því frekar um lögfræðilegt mat að ræða heldur en sérfræði mat - þ.e. annað hvort áttu rétt á upplýsingum skv. fyrirliggjandi lögum og reglum eða ekki. Eins og þetta er lagt upp er hætt á að EL verði falið geðþóttavald í þessum efnum. Það er sjaldnast gæfuríkt. Bent er á að ákvörðunum EL er hægt að skjóta til dómstóla. Það er rétt, en ef kærheimild til ráðherra er tekin út, þá verður dómstólaleið aðeins notuð af þeim sem hafa tíma og efni á að fara þá leið. Dómsmál getur tekið 3-4 ár og er kostnaðarsöm aðgerð.

Öldrunarráð Íslands telur að EL eigi ekki að hafa lokaorð hér, enda óvenjulegt og ekki rökrétt. Það gæti einnig leitt til geðþóttaákvæðana og ekki rökstutt með fullnægjandi hætti af hverju er ekki hægt að setja um þetta hlutlægar reglur sem hljóta svo hefðbundna meðferð stjórnsluréttar.

Bestu kveðjur,
f.h. Öldrunarráðs Íslands
Pétur Magnússon
Formaður

Pétur Magnússon
Forstjóri Hrafnistuheimilanna

